

Nd.

140. Frumvarp

til laga um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson, Eyf.

Ákvæðin í konungsstaðfestingu 4. október 1831 á skipulagsskrá fyrir gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu, sbr. gjafabráef 8. júlí 1830, 5. lið, skulu ekki vera því til fyrirstöðu, að árstekjunum af gjafasjóðnum, eða nokkru af þeim, sje varið til kornforðatryggingar í Eyjafjarðarsýslu eftir tilögum sýslunefndar, til að koma í veg fyrir hallæri.

3. Við 3. gr. Greinin falli burtu.

4. Við 4. gr. Greinin falli burtu.

5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Frá 15. apríl til júlímánaðarloka má enginn, nema nauðsyn beri til, skjóta af fallbyssu nær friðlýstu æðarvarpi en nemi 4 röstum.

Á sama tíma má enginn skjóta af smábyssum, án leyfis varpeiganda, nær friðlýstu varpi hans en nemi 2 röstum.

6. Við 6. gr. Fyrir » $\frac{1}{2}$ km.« komi: Nemi $\frac{1}{2}$ röst.

7. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Ef jarðir í grend við varpjörð eiga fuglaveiðirjett nær æðarvarpinu en nemi 2 röstum, eða netveiðirjett nær en nemi $\frac{1}{2}$ röst, og bannar varpeigandi landsetum veiðina, þá er hann skyldur að bæta þeim það tjón, er þeir biða af veiðibanni hans.

Nú verða þeir eigi ásáttir varpeigandi og nágrenni hans, sem bóta krefur, og skulu þeir þá leggja málið í gerð, og nefni sinn mann hvor þeirra, og skulu báðir aðilar una því, er þeir menn gera. Ef gerðarmenn verða ekki samdóma skal lögreglustjóri nefna oddamann.